

Mál nr. 14/2006

M

og

Vátryggingafélagið X v/dráttarvélarinnar A

og

Vátryggingafélagið Y v/snjómokstursbifreiðarinnar B

Árekstur Norðausturvegi Aðaldælahreppi þann 24.09. 2005

Gögn.

1. Málskot móttakið 25.01. 2006 ásamt fylgiskjöllum.
2. Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 06.02. 2006.
3. Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 03.02. 2006.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa. Ökutækjunum var ekið í sömu áttina og var A í fyrstu á undan B. B var síðan ekið fram úr og stöðvað skyndilega að því er telja verður.

Vátryggingafélag A telur að B beri ábyrgð á árekstrinum þar sem hann hafi ekið fram úr A og síðan í veg fyrir A og stöðvað án tilefnis vegna umferðar.

Vátryggingafélag B telur að um "einfalda áftanákeyrslu" hafi verið að ræða sem A beri ábyrgð á. Hægfara dráttarvél eigi ekki að þurfa "mjög langa vegalengd til að hemla".

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður B ábyrgð á árekstri þessum fyrir að stöðva bifreið sína án tilefnis vegna umferðar með þeim afleiðingum að A var ekið aftan á B.

Ekki er tilefni til að leggja ábyrgð á ökumann A miðað við gögn málsins. Skýrsla lögreglu og ökuritaskífa gefa til kynna að ökumaður B hafi "snöggstöðvast úr 40 km/klst og niður í 0". Þetta styður réttarstöðu ökumanns A.

Niðurstaða.

Ökumaður B ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 28. febrúar 2006

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.